



STUC HARD WAX OIL

Harðvaxolía

VÖRULÝSING

Stuc Hard Wax Oil er eins þáttar úreþan alkýðolía með háu þurrefnisinnihaldi, blönduð vaxi. Vaxolían sogast inn í Stuc Deco kalkspartlið og veitir nánast ósýnilega vernd gegn raka og algengustu blettum sem verða til á heimilum. Vaxolían veldur dökkun og gulnun yfirborðs (sér í lagi á dimmum stöðum) og gefur gljáa. Vegna gulnunar ráðleggjum við harðvaxolíuna síður á ljósa liti.

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

Hrærið og hristið vandlega fyrir notkun. Reynst getur vel að hita efnið dálítið og þynna með 5-10% terpentínu (lacknafta) til að auðvelda vinnu. Nuddið Stuc Hard Wax Oil á kalkspartlið í tveimur mjög þunnum, jöfnum umferðum þar til olían hefur mettað yfirborðið. Snertiþurrft eftir 1 klst. Biðtími milli umferða er 10 klst. Gætið þess að bera ekki of mikið af vaxolíunni á brúnir og grófa bletti þar sem hætta er á gulbrúnni mislitun. Berið aðeins 2 umferðir á Stuc Deco kalkspartlið, nema til blettaviðgerða. Í sumum tilfellum ætti 1 umferð að nægja.

Efnisnotkun er um 0,2 - 0,5 L/m², miðað við 2 umferðir, fer þó eftir ísogsmætti Stuc Deco og Crustal kalkspartlsins í hverju tilviki.

UNDIRLAG

Stuc Deco kalkspartlið verður að vera fullþurrft. Því grófara sem yfirborðið er, þeim mun erfiðara verður að bera vaxolíuna á það.

GEYMSLA

Geymsluþol er 5 ár í óopnuðum umbúðum á köldum stað.

ÁHÖLD

Svampur úr gerviefni sem ekki gefur frá sér kusk eða þræði. Notið ekki pensla, spaða eða rúllur. Hreinsið með terpentínu (lacknafta). Setjið vætta svampa strax eftir notkun í lokuð, loftþétt ílát til að hindra sjálftrundun.

VIÐHALD

Hlífið yfirborði í sólarhring. Eftir nokkurn tíma geta myndast dökkir blettir af völdum raka. Gera má við slíka bletti sérstaklega. Safnist mikil óhreinindi á flötinn má reyna að fjarlægja vaxolíuna með asetoni eða með léttri slípun og bera á aftur.

INNIHALD

Byggt á náttúrulegum jurtaolíum og vaxi. Inniheldur þurrk efni fyrir olíur. Efnið uppfyllir ES viðmið um rok gjörn lífræn efni (VOC): <500g/L

ATHUGIÐ

Stoopen & Meeus ábyrgist gæði framleiðsluvara sinna, en viðurkennir ekki ábyrgð tengda vinnu og árangri við notkun þeirra. Kynnið ykkur ávallt viðeigandi tækniupplýsingar á vefsíðu okkar, www.serefni.is.